

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á óraskaður að vera. Ákærði greiði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfærslu-laun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lög-um.

Nr. 13/1890.

Rjettvísinn
gegn
Bjarna Davíðssyni

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Eyjafjarðarsýslu, gengnum 22. jan. þ. á., var hinn ákærði Bjarni Davíðsson dæmdur í 20 kr. sekt til landssjóðs eða 5 daga einfalt fangelsi fyrir að hafa veitt Sigurði Sigurðssyni á Þórustöðum áverka. Þessum dómi er að beiðni hins ákærða og af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Það er sannað í málinu að hinn ákærði Bjarni Davíðsson og tveir bræður hans hittu Sigurð Sigurðsson á Þórustöðum, konu hans og fleira fólk á heimleið úr Hálsskógi 21. júlí f. á., og að Bjarni og Sigurður áttu í orðadeilum á leiðinni. Þegar þeir voru komnir lítið eitt suður fyrir Kaupangur sló Sigurður, eptir því sem ákærði hefur borið og 1 vitni staðhæft, til hins ákærða með skógarhríslu og af honum hattinn; að því búnu reið Sigurður hart leið sína, en Bjarni á eptir;

Sigurður fór af baki í laut einni, og kom Bjarni þar að, og gekk að Sigurði og hjelt á svipu sinni, sinni hendi um hvorn enda skaptisins, en Sigurður tók um svipuna og hristi Bjarni hann af sjer til jarðar, og enn einusinni kastaði hann honum niður. Það er ekki sannað, að Sigurður hafi hlotið neinn áverka við þetta, en eitt vitni hefur borið, að eitthvað muni hafa verið að öðru auganu í Sigurði, þegar hann sá hann í lautinni. En kona Sigurðar hefur borið, að Bjarni hafi á leiðinni frá Kaupangi slegið til Sigurðar með svipunni og Sigurður þá hljóðað upp, og Sigurlaug vinnukona á Þórustöðum hefur borið, að Sigurður, þegar hann kom heim, hafi sagt, að Bjarni hafi barið sig með svipuskaptinu, eins og hún líka hefur, eins og kona Sigurðar, skýrt frá, að Bjarni hafi, er hann reið á eptir Sigurði, hrópað: «jég skal drepa þig»; viðvíkjandi þessu síðasta atriði heldur hún ekki að sjer hafi misheyrzt, eða að Bjarni hafi, eins og hann ber, sagt, «að hann skyldi reka hann».

En þrátt fyrir þessa framburði er ekki, gegn skýlausri neitun ákærða, er að nokkru styðst við það, sem annars er komið fram í málinu, full sönnun fyrir því, að Bjarni hafi veitt Sigurði þá áverka, sem um er að ræða í málinu, sem sje meidsli á auga og hendi, og verður því að sýkna hinn ákærða af kærú sóknarans í máli þessu, og virðist ekki næg ástæða til að dæma hann til að greiða sakarkostnaðinn í hjeradi, sem því skal greiða af almannafje; og svo er og um áfrýjunarkostnaðinn, þar á meðal málflutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Með þeirri athugasemd, að undirdómarinn hefði átt að fá skýrslu Sigurðar Sigurðssonar fyrir rjetti, vott-

ast, að rekstur málsins í hjerði ekki er vítaverður og að sókn og vörn í því fyrir yfirdómi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Bjarni Davíðsson á að vera sýkn af kærum sóknarans í þessu máli. Allur af sökinni leiðandi kostnaður fyrir báðum dómum, þar á meðal málflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 15 1890.

Hið opinbera

gegn

Daníel Jakob Gaard, Johannes Jensen,
Christian Michelsen, Thomas P. Niel-
sen og Morten F. Nielsen.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað fyrir aukarjetti Sudurmúla-
sýslu gegu hinum kærða Daníel Jakob Gaard fyrir það,
að hann hafi um miðnætti hinn 28.--29. maím. f. á. ver-
ið með byssu upp í friðlýstri æðarvarpseju «Andey», sem
heyrir undir Kolfreyjustað, svo og gegn honum og hásetum
hans, Johannes Jensen, Christjan Michelsen, Thomas P.
Nielsen og Morten F. Nielsen, fyrir það, að megn
grunur hvíli á þeim um, að þeir hafi um sama
leyti rænt svokallað «Æðarsker», sem einnig er frið-
lýst varpland Kolfreyjustaðar. Málið var dæmt í auka-
rjetti Sudurmúlasýslu 12. júlímán. f. á., á þá leið,